

## REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf B, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

### 1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 130 milljónir króna, skv. heimild í lögum nr. 99 frá 28. desember 1971.

### 2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari, skulu nefnd Skuldabréf B.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 1000 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala bréfanna hefst í byrjun aprílmánaðar 1973 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 30. júní 1973.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

### 3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er 1. apríl 1973, til gjalddaga 1. apríl 1983. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til 1. apríl 1983 verið lægri en hún var 1. apríl 1973 og sé lægri hinn 1. apríl 1983. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

### 4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin fellir fullnaðarúrskurð í ágreiningsmálum, sem hún fær til meðferðar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skulu slíkar ákvarðanir verða fullnaðarúrskurðir.

### 5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

## 6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 7% — sjö af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn 30. júní 1973, og í síðasta sinn hinn 30. júní 1982.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

2 vinningar á kr. 1 000 000.00	= kr. 2 000 000.00
2 vinningar á kr. 500 000.00	= kr. 1 000 000.00
30 vinningar á kr. 100 000.00	= kr. 3 000 000.00
310 vinningar á kr. 10 000.00	= kr. 3 100 000.00
344 vinningar	samtals kr. 9 100 000.00

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal fjármálaráðherra setja starfsreglur um þann útdrátt að höfðu samráði við notarius publicus í Reykjavík og forstöðumann Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans. Reglur þessar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

## 7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegar tekjuskatti og tekjuútsvari.

## 8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fynast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinnur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

## 9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

## 10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

27. febrúar 1973.

Nr. 27.

## AUGLÝSING

## um verðhækkunarstuðul fyrir fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, hefur fjármálaráðuneytið, í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1972, skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna — annarra en bifreiða —, sem tilgreindar eru í 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 15%.
2. Verðhækkunarstuðull bifreiða, sbr. 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 25%.
3. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 26%.

*Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1973.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*